Ungir Umhverfissinnar

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26,
105 Reykjavík
mar@mar.is

16. desember 2022

Umsögn við mál nr. 221: Drög að reglugerð um verndarráðstafanir vegna viðkvæmra hafsvæða og botnvistkerfa


Ungir umhverfissinnar fagna því að hafin sé vinna við setningu reglugerðar um verndarsvæði í sjó. Mun þessi reglugerð ekki eingöngu stuðla að vernd hinnar einstöku náttúru sem er að finna úti fyrir strendur Íslands heldur er hún líka fyrsta skrefið í mikilvægri og löngu tímabærri vinnu við að uppfylla skilyrði alþjóðasáttmála á við þau sem finna má í ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (e. Global Biodiversity Framework) sem Ísland er hluti af.

Þó er vert að draga fram þá staðreynd að reglugerðin lítur eingöngu til lítt raskaðra svæða sem hafa að geyma mikilvæg og viðkvæm botnvistkerfi – með öðrum orðum er verið að girða fyrir svæði sem er augljóst að friða fyrir mannlegum ágangi áður en þau verða fyrir slíkum ágangi. Það er því einlæg von Ungra umhverfissinna að þessi reglugerð sé bara fyrsta skrefið í umfangsmeiri og víðtækari friðunaraðgerðum, því önnur mikilvæg vistkerfi á við hrygningarsvæði og önnur fæðuöflunarsvæði botn- og uppsjávarfisktegunda þarfnast sambærilegrar verndar fyrir raski af völdum mannlegra inngripa til þess að stjórnvöld geti staðið tryggan vörð um líffræðilegan fjölbreytileika íslenskrar náttúru.

Þá gildir einu hvort þau svæði hafi þegar orðið fyrir raski eður ei – það sem máli skiptir er að leyfa botnvistkerfum að taka við sér í kjölfar rasks, en þau ferli geta tekið allt að 50 ár eða meira samkvæmt skýrslu Hafrannsóknarstofnunar. Í ljósi þess hve mikilvægt það var að fá upplýsandi rannsóknarskýrslu Hafrannsóknastofnunar fyrir þessa tilteknu lagagerð er sömuleiðis skýrt hversu mikilvægt það er að öll áframhaldandi lagasetning njóti sambærilega víðtæks og margbreytilegs samráðs. Ungir umhverfissinnar eru boðin og búin til þess að tilnefna fulltrúa í hvers lags starfsráð eða nefnd sem kæmi að slíku samráði.

Að því sögðu ítreka Ungir umhverfissinnar þá afstöðu sína að með reglugerðinni sé gott skref stigið í átt að aukinni vernd fyrir viðkvæm vistkerfi og líffræðilegan fjölbreytileika innan íslenskrar lögsögu.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna



Ástrós Eva Ársælsdóttir
Náttúruverndarfulltrúi